

VEGVÍSUN

:FJARKENNSLU-VERKEFNI Í SJÁLFBÆRNI OG NÁTTÚRUTENGLUM

Verkefnislýsing:

Í þessu verkefni erum við að velta fyrir okkur framtíðinni og hvernig við sjáum hana fyrir okkur. Hvert erum við að stefna og hvert viljum stefna? Hvaða fyrirbæri gætu hjálpað okkur á leið okkar og markað veginn fram á við? Við veltum fyrir okkur leiðavísun, stikum, vörðum, og vitum sem allt eru hjálpartæki á veginum, sem hjálpa okkur að fitja okkur eftir slóðanum þó við vitum ekki endalega hvert hann muni leiða. Þessi hjálpartæki gera okkur kleyft að myndagera hvert við stefnum.

Í verkefninu vinnum við með sjálfbærni, náttúruna, veltum fyrir okkur samfélaginu og framtíðinni. Við leitum lausna, vörpum fram óskum, vinnum að nýjum hugmyndum og hugleiðum framtíðina í samtali. Lagt er mikil áhersla á upplifun og að eiga góðar stundir í náttúrunni og við sköpun verka.

VERKEFNI: LEIKIR OG TILRAUNIR

Nemendur vinna með þessa grunhugmyndir í gengum eftirfarandi leiki og tilraunir. Í tilraununum erum við að vinna með hvað einkennir staði, hvernig við tengjumst stöðum, hvernig við finnum leið okkar í átt að sjálfbærni. Er eitthvað sem gæti hjálpað okkur að átta okkur.

Nemendur skrásetja tilraunir sínar með því að taka myndir, myndbönd, gera teikningu af upplifuninni eða skrifa nokkur orð um það sem átti sér stað. Skrásetning er tekin saman og skilað til kennara í gegnum skilahólf. Tilraunabók þar sem nemendur setja upp möppu með þessum tilraunum.

KENNSLUÁÆTLUN

Höfundar kennsluefnis: Berglind Jóna Hlynsdóttir og Unnur Björnsdóttir

Markhópur: 9 og 10 bekkur. 12 nemendur

Kennsluaðferðir: fjarnám, vendikennsla, tilraunir í gegnum verkefni, vefsamtöl með endurgjöf.

Markmið: Að nemendur tengjast náttúrunni í gegnum tilraunir sínar með göngur. Að nemendur staðsetji sig gagnvart sjálfbærni og óskum sínum gagnvart framtíðinni. Að nemendur þekki aðferðir listamanna sem vinna með göngur, umhverfislist, staðbundin verk, þátttökuverk og hafi innsýn inni þverfaglegar tengingar. Lagt er mikil áhersla á upplifun og að eiga góðar stundir í náttúrunni og við sköpun verka.

Lykilviðmið: Sjálfbærni, sköpun, lýðræði

Hæfniviðmið:

- Gera mismunandi tilraunir með göngur sem snúa að bæði líkamlegum og huglægum þáttum.
- Geta beit göngu á skapandi og sjálfstæðan hátt.
- Haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni
- Náttúrutenging, nemendur geta gert tilraunir með að tengjast stöðum og finna sér leið um staði.
- Geta unnið sjálfstætt með tilraunir á göngu frá hugmynd og tekið saman tilraunir sínar og greint frá mismunandi nálgun við vinnu skýran máta í tilraunabók
- Geta tjáð sig um göngu tilraunirnar með því að nota hugtök svo sem “sjálfbærni” “umhverfislist” og “staðbundið verk”.



Hjólið: Nemendur rannsaka og upplifa umhverfið sitt í göngu-tilraunum og skrásetja. Nemendur vinna skapandi bæði við tilraunirnar sjálfar og í úrvinnslu á þeim. Nemendur greina svo ákveðin atriði í tengslum við hverja tilraun, svo sem tengingar við sjálfbærni og önnur umhverfislistaverk.

FRAMKVÆMDALÝSING: Nemendur fá sendan póst með leiðbeiningum að fjórum tilrauna verkefnum ásamt mynda kveikjum.

Alls: 12x40mín

FYRSTI TÍMI: Kynning á tilraunabókarverkefninu *Vegvísun* 2 x 40mín í fjarkennslu.

VERKLEG TILRAUNAVINNA: Nemendur fá sent eitt verkefni í viku og vinna sjálfstætt að þeim verkefnum í amk 2 x 40mín í hverri viku. Alls 8 x 40mín. Nemendur fá endurgjöf frá kennurum við milli skil á hverri tilraun.

YFIRFERÐ: fjarkynningar nemenda á Tilraunabókum sínum með öllum tilraunum: 2x40mín. Tíminn fer fram í gegnum þann fjarkennslubúnað sem stofnunin hefur aðgang að.

Námsmat:

LOKAMAT (kúrs í heild) er byggt á skilum á öllum tilraunum, uppsetningu og kynningu á tilraunabók. Nemendur fá endurgjöf frá kennara eftir hverja tilraunalotu og fá endurgjöf í nettíma á tilraunabókina sína og kynningu. Nemendur fylla út sjálfsmatsblað, veita og fá jafningja endurgjöf í loka tímanum.

- Fjórar tilraunir
- Tilraunabók
- Fjarkynning á tilraunabók fyrir samnemendum. (kynning fer fram í gegnum það kerfi sem skólinn notar)
- Sjálfsmat

KENNARAMAT (byggir á eftirfarandi atriðum):

- Nemandi getur unnið sjálfstætt og skapandi að tilraunum
- Nemandi er virkur að gera tilraunir og skrásetja þær.
- Nemandi getur tekið saman tilraunir sínar og sett upp í tilraunabók og kynnt.
- Nemandi getur útskýrt hvað hann var að gera, og rökstutt vinnuna á bakvið það sem hann er að gera.
- Nemandi hefur öðlast skilning á hugtakinu sjálfbærni og þekkir dæmi um umhverfislist og staðbundin myndlistarverk.

Ef nemandi fær já við allar þessar staðhæfingar hefur hann staðist námskeiðið.

Í umsögn og endurgjöf leitast kennarinn við að benda á áhugaverða punkta sem nemandinn gæti ræktað og rannsakað frekar. Í yfirferð leitast kennarinn við að virkja samnemendur í umræðum um tilraunirnar.

***Við hvetjum kennara sem nýta sér námsefnið og að aðlaga það að sýnum skólum og hópum. Við vonum að allir hafi gaman af þessum tilraunum.**

SJÁLFSMAT NEMENDA: Fyllt út og sent til kennara.

Nafn: _____ **dags.:** _____

Hvað uppgötvaði ég í þessu ferli?

Hvað var áhugaverðast?

Hvað kom mest á óvart í ferlinu?

Hvernig hefði ég getað tekið verkefnið lengra?

Hvernig hefði lokaverkið geta tekist ennþá betur?

Var ég opin/nn fyrir nýjum leiðum og hugmyndavinnu ?
